

REGLUGERÐ

um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna.

1. gr.

Mönnum, sem skipaðir eru í slökkvilið skv. 7. grein laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál, eða eru fastráðnir sbr. 8. grein sömu laga, skal séð fyrir fullnægjandi hlífðarbúnaði til nota við slökkvistörf.

2. gr.

Eftirfarandi búnaður slökkviliðsmanna er háður ákvæðum þessarar reglugerðar:

Hjálmur,
stígvél og skór,
heill samfestingur eða jakki og buxur,
hanskar.

3. gr.

Seljandi hlífðarbúnaðar fyrir slökkviliðsmenn er skyldur að afla upplýsinga um eiginleika búnaðarins með hliðsjón af viðurkenndum stöðlum og rannsóknum og láta Brunamálastofnun ríkisins þær í té. Þetta á einnig við um íslenska framleiðslu á hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn.

Leggja skal fram tilskilin vottorð frá óháðum aðila, sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir.

Á grundvelli framlagðra gagna ákveður brunamálastjóri síðan hvort viðurkenna skuli búnaðinn til notkunar við slökkvistörf.

4. gr.

Hjálmur.

Við val á hjálmi ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Hann skal vera úr efnum, sem þola vel raka, hita og kulda, án þess að brotna eða breyta lögun sinni.
- Hann skal vera nægilega sterkur til að þola þrýsting og högg samkvæmt nánar skilgreindum ákvæðum þar um.
- Hann skal einangra nægilega vel gegn rafleiðni, hitageislun og hitaleiðni, bæði er varðar efnisval og lit á yfirborði.
- Hjálmurinn skal falla vel að höfðinu og vera hæfilega léttur, ekki yfir 900 grömm.
- Festibúnaður skal vera traustur og auðveldur í notkun. Hökureim og innri búnaður skal vera traustur og þægilegur.
- Hjálmurinn skal halda tilskildum eiginleikum minnst 10 ár.

5. gr.

Stígvél og skór.

Við val á skóbúnaðir ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Hann skal vera úr efnum, sem þola vel raka og hitabreytingar, olíur, sýrur og ýmis tærandi efni.
- Skótáin skal vera varin með stáli og sólinn með stálinnleggi. Í stað stáls má nota önnur efni, sem veita a. m. k. sömu vörn. Stál í öryggisskóm slökkviliðsmanna skal vera ryðvarið og stálinnleggið nægilega sveigjanlegt, þannig að sólinn verði ekki stífur né að hætta sé á að í hann komi sprungur.

Skótá og stálinnlegg skal prófa með viðurkenndum hætti hvað varðar höggþol og stunguþol.

- c) Skóbúnaðurinn skal einangra vel gegn hita og kulda. Hann skal ekki leiða rafmagn og vera úr illbrennanlegum efnum.
- d) Skóbúnaðurinn skal vera hæfilega léttur og fara vel á fæti. Hann skal vera vel sveigjanlegur og sólinn þannig gerður að hann verði ekki háll í bleytu.
- e) Stígvél skulu vera þannig að auðvelt sé að fara í þau og úr þeim. Festingar og lokunarbúnaður á skóm skal vera einfaldur að gerð og auðveldur í notkun.

6. gr.

Hlífðarfatnaður.

Gert er ráð fyrir, að velja megi á milli tvenns konar hlífðarbúninga. Þeir eru: Heill samfestingur eða jakki og buxur.

Við val á hlífðarbúningum ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- a) Allt efni í búningunum skal fullnægja kröfum um gæði og eiginleika í samræmi við staðla á Norðurlöndum, sem Brunamálastofnun ákveður að hafa til viðmiðunar hverju sinni.
- b) Búningur skal einangra vel gegn hita og kulda. Hann skal ekki leiða rafmagn og vera úr illbrennanlegum efnum.
- c) Ysta byrði skal standast sterka hitageislun og neistaflug, án þess að í því kvikni, það bráðni eða hrökkvi sundur.
- d) Búningur skal vera þannig gerður, að hann sé nægilega rúmur og lofti eða andi hæfilega, til að viðhalda megi þolanlegum líkamshita, jafnvel við erfið skilyrði.
- e) Búningur skal hrinda af sér vatni og ekki safna í sig lofttegundum eða vökvum, nema að því marki sem viðunandi getur talist.
- f) Búningur skal ekki vera úr efnum, sem hætta er á að hlaðist geti statísku rafmagni. Hann skal þola vel raka og hitasveiflur, olíur, sýrur, lút og ýmis tærandi efni.
- g) Auðvelt skal vera að hreinsa búninginn og hann skal þola venjulegan þvott, án þess að öryggi, þægindi eða útlit hans breytist til hins verra.
- h) Festingar og lokunarbúnaður skal vera traustur og fljótvirkur. Ekki skulu vera á búningnum hnappar eða lykkjur, sem til trafala geta orðið við slökkvistörf og reykköfun.
- i) Litur á hlífðarbúningi skal vera þannig valinn, að hann sjáist vel. Búningurinn skal hafa sjálflysandi rendur eða borða, við hæfi.

7. gr.

Hanskar.

Við val á hönskum ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- a) Efnið skal vera illbrennanlegt og þola vel hita, án þess að bráðna eða hrökkva í sundur. Það skal hrinda frá sér vatni og ekki safna því í sig, nema að takmörkuðu leyti.
- b) Hanskar skulu falla vel að hendi og vera hæfilega mjúkir, þótt þeir séu notaðir í miklum kulda eða séu rakir. Þeir skulu einangra vel gegn hita og kulda og þeir skulu ekki leiða rafmagn.
- c) Þeir skulu ekki vera hálrir í lófa, t. d. fyrir verkfæri og við átök.
- d) Hanskarnir skulu vera slitsterkir og veita fullnægjandi vörn gegn hvössum málmeggjum.
- e) Þeir skulu standast olíur, sýrur, lút og tærandi efni.

8. gr.

Aukabúnaður s. s. hjálmhlíf fyrir augu og axlahlíf undir hjálminn skal vera úr þeim efnum og af þeirri gerð, sem Brunamálastofnun mælir með. Hjálmhlífin skal vera vel gegnsæ

og standast högg, sterka hitageislun og eldtungur, án þess að brotna eða bráðna. Hún skal vera tryggilega og haganlega fest við hjálminn.

Axlahlífin skal standast eldgneista og vera þægileg í notkun.

9. gr.

Brunamálastjóri ríkisins getur ákveðið að sérmerkja skuli hlífðarbúnað, sem hlotið hefur viðurkenningu.

Slökkviliðsmönnum er ekki heimilt að gera breytingar á hlífðarbúnaði sínum, sem skert gæti notagildi eða öryggi búnaðarins að mati slökkviliðsstjóra eða brunamálastjóra.

10. gr.

Stjórn Brunamálastofnunar ríkisins er heimilt að skipa nefnd, sem verði brunamálastjóra til ráðuneytis varðandi öryggisbúnað slökkviliðsmanna skv. þessari reglugerð.

11. gr.

Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar skal hlífðarbúnaður slökkviliðsmanna, sem fastráðnir eru samkvæmt 8. gr. laga um brunavarnir og brunamál, vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, en innan sex ára fyrir slökkviliðsmenn, sem skipaðir eru samkvæmt 7. gr. sömu laga.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi við kaup og sölu á nýjum hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn.

Reglugerð þessa ber að túlka með hliðsjón af reglugerðum um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, sem setja skal samkvæmt 5. gr. laga nr. 74/1982.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 74 12. maí 1982 um brunavarnir og brunamál, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982 um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 25 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 250 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 250 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.